



Menntaskólinn á Ísafirði

**Sjálfsmatskýrsla
Menntaskólans á Ísafirði
2003-2004**

Tekin saman af Guðbjarti Ólasyni, aðstoðarskólameistara

EFNISYFIRLIT

1.	Mat á skólastarfi.....	4
1.1	Um sjálfsmat	4
1.2	Um viðmið fyrir sjálfsmat.....	4
1.3	Um ytra mat	5
2.	Um skriflega og opinbera verkáætlun um kerfisbundið sjálfsmat í Menntaskólanum á Ísafirði 2003-2004 sem birt var í júní 2003.....	6
2.1	Inngangur	6
2.2	Undirbúningur.....	7
2.2.1	Skólamenning	7
2.2.2	Trúnaður.....	8
2.2.3	Eignarhald	8
2.2.4	Tilgangur.....	9
2.2.5	Samstarf	9
2.2.6	Lesendur.....	9
2.2.7	Ábyrgðaraðilar	10
2.2.8	Matsaðilar	10
2.2.9	Val á viðfangsefni til mats	10
2.2.10	Viðfangsefni.....	10
2.2.11	Afmörkun, matsspurningar	11
2.2.12	Aðferðir, matstæki	11
2.2.13	Árangursviðmið	12
2.3	Útfærsla.....	12
2.3.1	Tími, skipulag og hlutverk.....	12
2.4	Úrvinnsla.....	13
2.5	Túlkun	13
2.6	Umbætur	13
3.	Menntastefna skólans.....	13
3.1	Hlutverk	13
3.2	Markmið.....	14
3.3	Leiðir.....	14
4.	Starfslýsingar	14
4.1	Stjórnskipan og starfslið	14
4.2	Skólanefnd	14
4.3	Skólaráð	15
4.4	Kennarafundur	15
4.5	Nemendaráð	15
4.6	Skólameistari.....	15
4.7	Aðstoðarskólameistari.....	15
4.8	Áfangastjóri.....	16
4.9	Sviðsstjórar	17
4.10	Kennarar.....	17
4.11	Umsjónarkennarar.....	18
4.12	Námsráðgjafar	18
4.13	Skólasafnvörður	19
4.14	Ritari	19
4.15	Fjármálastjóri	19
4.16	Tölvu- og tæknistjóri.....	20
4.17	Forvarnarfulltrúi.....	20

4.18	Húsvörður	21
4.19	Vistarverðir	21
5.	Matsskýrsla	23
5.1	Inngangur	23
5.2	Útdráttur	23
5.3	Menntaskólinn á Ísafirði	24
5.4	Lýsing á því sem tekið var til mats	24
5.5	Ábyrgðaraðilar	24
5.6	Tilgangur	25
5.7	Matsaðili	25
5.8	Matsspurning	25
5.9	Aðferð	25
5.10	Framkvæmd	25
6.	Matstæki og úrvinnsla (viðmið, tölfræðileg úrvinnsla)	26
6.1	Þróun nemendabrottfalls frá námi við MÍ 2001-2004	26
6.2	Viðhorfskönnun meðal nemenda í MÍ 18 ára og yngri, í apríl 2004	26
6.3	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna MÍ í apríl 2004	31
6.4	Viðhorfskönnun meðal forráðamanna nemenda í MÍ 18 ára og yngri, í apríl 2004	33
7.	Niðurstöður (frásögn og greining niðurstaðna)	35
7.1	Um þróun nemendabrottfallsins	35
7.2	Breytingar á kennsluháttum og skipulagi náms	36
7.3	Um viðhorfskönnun meðal nemenda	36
7.4	Um viðhorfskönnun meðal starfsfólks MÍ	38
7.5	Um viðhorfskönnun meðal forráðamanna nemenda MÍ	39
8.	Tillögur til úrbóta	39
9.	Hvenær koma umbótatillögurnar til framkvæmda?	40
10.	Kennslu- og stjórnendakannanir	40
11.	Viðaukar	41
11.1	Brottfallsnemendur	41

1. Mat á skólastarfi

Mati á skólastarfi er gjarnan skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfseminni. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar, sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 er í fyrsta skipti að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

1.1 Um sjálfsmat

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur. Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

1.2 Um viðmið fyrir sjálfsmat

Þau atriði sem menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru eftirfarandi:

Formlegt. Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagaða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það og til hverra það nær.

Altækt. Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

Áreiðanlegt. Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvístaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölu- legum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og með

viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa s.s. nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

Árangursmiðað. Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.

Lýsandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl viðmarkmiðssetningu.

Greinandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og birt í samantekt í lokin.

Opinbert. Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

1.3 Um ytra mat

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, brottfall nemenda frá námi foreldrasamstarf og menntun starfsmanna. Hluti upplýsingaöflunar getur falist í viðhorfakönnunum. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, sem fjallað er um hér að framan liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

Úttektir á skólastarfi

Sem hluti af almennri eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins getur það látið fara fram úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi, t.d. úttektir á kennslu í ákveðinni faggrein en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla. Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er þá beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo

sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri, brottfalli og tengslum skólans við samfélagið.

2. Um skriflega og opinbera verkáætlun um kerfisbundið sjálfsmat í Menntaskólanum á Ísafirði 2003-2004 sem birt var í júní 2003

2.1 Inngangur

Við Menntaskólann á Ísafirði var unnið að undirbúningi að kerfisbundnu, umbótamiðuðu sjálfsmati á útmánuðum 2003. Ytra mat var framkvæmt við skólann í maí 2000 á vegum menntamálaráðuneytisins þar sem m.a. var birt SVÓT greining á skólanum. Í framhaldi af því hefur áhersla verið lögð á brottfallskannanir og jafnframt leitað leiða til að sporna gegn brottfalli í skólanum.

Þá hafa kennslukannanir verið framkvæmdar á hverri önn og kennarar hafa síðan farið í starfsmannaviðtal hjá skólameistara. Ytri tengsl skólans eru einnig býsna virk með starfrækslu foreldrafélags og hollvinafélags sem stutt hafa við starfsemi skólans á ýmsa lund. Þá telst til nýjunga að öllum foreldrum nemenda 18 ára og yngri eru send regluleg yfirlit um mætingu og námsárangur barna þeirra.

Þannig hafa einstök sjálfsmatsverkefni verið framkvæmd við skólann á undanförnum árum og sjálfsmatsskýrslur um þau hafa verið gefnar út jafnóðum og þau hafa verið unnin.

Engu að síður voru sjálfsmatsaðferðir skólans metnar ófullnægjandi af úttektaraðilum menntamálaráðuneytisins haustið 2002 þó að ýmislegt jákvætt hafi einnig komið fram við þá úttekt. En sú verkáætlun sem hér var lögð fram var hins vegar fyrstu viðbrögð við þeirri úttekt og jafnframt tilraun skólans til að bæta sjálfsmatsaðferðirnar.

Veturna 2001-2002 og 2002-2003 hafði verið unnið að endurskoðun skólanámskrár Menntaskólans á Ísafirði og stefnt var að því að ljúka því verki haustið 2004. Annars er skólanámskrá vitaskuld í sífelldri endurskoðun og einnig ómissandi grundvöllur að stöðugu og síkviku sjálfsmati.

Yfirumsjón með skólanámskránni hafði Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari. Verkefnisstjórn skipuðu í upphafi þessa áfanga: Guðrún Á. Stefánsdóttir, verkefnisstjóri, Jón Reynir Sigurvinsson, Friðgerður Ómarsdóttir, Heiðrún Tryggvadóttir fyrri hluta endurskoðunartímans. Guðbjartur Ólason leysti Guðrúnu af frá febrúar 2003 og einnig hættu Friðgerður og Heiðrún í nefndinni og Ásgerður Bergsdóttir kom í þeirra stað en hún sá t.d. alfarið um að samræma áfangalýsingar frá kennurum. Aðrir starfsmenn skólans sinna einnig ákveðnum verkefnum í gerð skólanámskrárinnar.

Hlutverk Menntaskólans á Ísafirði er „að efla alhliða þroska nemenda skólans svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi og frekara námi“ eins og segir í framhaldsskólalögum.

Skólinn hefur sett sér það markmið að « *stuðla að siðferðisþroska og jákvæðri lífssýn nemenda sinna með uppbyggilegu skólustarfi, heilbrigðum aga og haldgóðum undirbúningi frekara náms og starfa. Í því skyni leitast skólinn við að veita nemendum góða almenna menntun.*

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að tryggja góðan námsárangur, draga úr brottfalli, efla kennslu og stoðþjónustu og auka námsframboð. »

Til þess að leitast við að setja fram mælanleg viðmið um ýmsa lykilþætti á leiðunum að þessum markmiðum hefur verið unnið að þeirri verkáætlun, sem hér var lögð fram. Með henni má í rauninni segja að lagt sé upp í ferð sem taka mun langan tíma og leggja verður áherslu á að hér var einungis um upphafið að ræða en vitaskuld varð um þessu efni stuðst við margs konar undirbúningsverk sem áður höfðu verið unnin við skólann. Verkáætlunin var unnin samkvæmt matslíkani Steinunnar Helgu Lárusdóttur, sem bar heitið **Prep í þróun sjálfsmats**.

Í kynningu að matslíkaninu segir Steinunn Helga: „*Líkanið sem hér er kynnt -- hvílir á hugmyndum fræði- og matsmanna víðs vegar að úr veröldinni. Þessir aðilar hafa allir sinnt kennslu og ráðgjöf við mat og séð um viðamikil matsverkefni. Sumir þeirra, eins og Englendingurinn Helen Simons og Skotinn John MacBeath, hafa komið til Íslands sem fyrirlesarar og ráðgjafar við Íslendinga og íslensk menntayfirvöld. -- Uppistaða líkansins er matsáætlun þar sem matsferlinu er skipt í undirbúning, útfærslu, úrvinnslu, túlkun og umbætur.*“

Að loknum þessum inngangi verður hér á eftir gerð grein fyrir í fremur stuttu máli því verkferli sem unnið var í þessu efni við Menntaskólann á Ísafirði fyrir hluta árs 2003 ásamt því að skýra stuttlega hvernig staðið var að undirbúningi næstu skrefa í sjálfsmatinu.

Sjálfsmatsnefnd stýrði þessu verki en í henni áttu sæti frá upphafi árs 2003: Guðbjartur Ólason, verkefnisstjóri, Agnes Karlsdóttir, Friðgerður Ómarsdóttir og Sigurður Pétursson.

2.2 Undirbúningur

2.2.1 Skólamenning

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 og fyrstu stúdentarnir voru brautskráðir frá honum 1974. Á vegum Iðnaðarmannafélags Ísafjarðar hafði fyrst verið byrjað að kenna teikningu í janúar 1905. Kvöldskóli Iðnaðarmannafélagsins, síðar Iðnskóli Ísafjarðar, var rekinn frá því ári til 1916, svo 1920-22 og loks samfellt frá 1928. Iðnskólinn var settur undir sömu stjórn og Menntaskólinn árið 1987, og 1990 var Húsmæðra-skólinn Ósk, sem upphaflega var stofnaður 1912, einnig settur undir sömu stjórn. Hin sameinaða skólastofnun hlaut nafnið Framhaldsskóli Vestfjarða á Ísafirði árið 1992 og var fjölbrautaskóli með bundið áfangakerfi til ársins 2003 en eftir það starfar skólinn eftir hreinu áfangakerfi. Nafninu var breytt aftur í Menntaskólann á Ísafirði árið 2000.

Skólahald á framhaldsskólastigi á sér því orðið nokkuð langa sögu á Ísafirði og þeim sem fylgst hafa með þeirri starfsemi ber yfirleitt saman um að hún hafi einkennst af ósérplægni og ríkum metnaði. Þannig segir í úttektarskýrslu KPMG Ráðgjafar um sjálfsmatsaðferðir Menntaskólans á Ísafirði sem unnin var á tímabilinu september - nóvember 2002: „Í viðtölum við stjórnendur og kennara kom fram mjög jákvætt viðhorf til sjálfsmats. Virtust allir starfsmenn skólans samstíga í því verkefni að vinna að frekari uppbyggingu Menntaskólans á Ísafirði.“

Við Menntaskólann á Ísafirði eru 53 starfsmenn, þar af eru um 35 manns í heilum stöðum við kennslu og stjórnunarstörf. Kennarar við skólann eru að jafnaði 28-32 að meðtöldum stundakennurum eða kennurum í hluta-stöðum, en skólameistari hefur stefnt markvisst að því að hækka hlutfall réttindakennara í starfslíði skólans. Að jafnaði eru um 400 nemendur við skólann í dag- og kvöldskóla. Nemendafjölgun hefur verið býsna mikil við skólann undanfarin ár. Þannig var nemendafjöldinn 280 árið 2001 en 430 nemendur við upphaf skólaársins 2004-2005.

2.2.2 Trúnaður

Þegar lagt var upp í þennan áfanga að sjálfsmati við Menntaskólann á Ísafirði skipti miklu máli að menn gætu gengið að því vísu að fyllsta trúnaðar væri gætt um öll þau efni sem talist gætu persónulegs eðlis. Þess vegna varð fremur lögð áhersla á málefni en persónur í því mati sem hér var verðið að leggja grunn að.

Mat af þessu tagi var vitaskuld ekki einfalt verkefni heldur kom það víða við og þess vegna var afar mikilvægt að sem flestir gengju til þessa verks af einlægni og heiðarleika. Hér voru heildarhagsmunir í húfi sem miklu skipti að menn misstu ekki sjónar á.

Þá skipti ekki síður máli að menn almennt gerðu sér grein fyrir því að verulegur tími getur liðið frá því sjálfsmatsverkefni er unnið til þess tíma að umbótaferli í framhaldinu skili jákvæðum árangri í skólastarfinu. Raunhæfar væntingar eru því mjög mikilvægar í þessu sambandi en óraunhæfar væntingar að sama skapi varhugaverðar.

2.2.3 Eignarhald

Þegar laða þarf stóran hóp fólks til samstarfs um sameiginlegt verkefni eins og sjálfsmat í allfjölmennum skóla er nauðsynlegt að standa þannig að verki að sem allra flestir verði þátttakendur og fái um leið á tilfinninguna að þeir hver um sig eigi ákveðna hlutdeild í framvindu verksins. E.t.v. getur árangurinn í framhaldinu beinlínis oltið á því hvernig til tekst í þessu efni.

2.2.4 Tilgangur

Eins og hér hefur fyrr fram komið var megingilgangurinn með þessum skrefum í sjálfsmati við Menntaskólann á Ísafirði að bregðast við lög- bundinni kröfu menntamálayfirvalda um upplýsingamiðlun og umbætur í starfsemi skólans.

Auk þessa megingilgangs var eðlilegt að næstu viðfangsefni í þessu efni tækju annars vegar nokkurt mið af þeim verkefnum sem þegar höfðu verið unnin á þessu sviði við skólann og hins vegar af sérstöðu skólans og óskum meirihluta starfsmanna.

2.2.5 Samstarf

Eitt af viðmiðum menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat er að það sé samstarfsmiðað og mun í því efni bæði vera átt við ákvörðunina um hvaða meginviðfangsefni er tekið til mats hverju sinni sem og framkvæmd matsins.

Engu að síður er eðlilegt að nokkur verkaskipting eigi sér stað þegar um svo mikinn starfmannafjölda er að ræða. Og jafnsjálfsagt er að ákveðinn samstarfshópur fái það verkefni að sjá um og stýra verkefninu.

Þannig var staðið að þessu verkefni í Menntaskólanum á Ísafirði eins og fyrr var frá greint að sjálfsmatsnefnd stýrði starfinu í samstarfi við stjórnendur skólans og sem og flesta aðra hlutaðeigendur.

2.2.6 Lesendur

Lögum samkvæmt ber skólum að birta sem mest af niðurstöðum sjálfs- mats í opinberri sjálfsmatsskýrslu og sú var vitaskuld ætlunin hér. Hafa verður einnig í huga að til þess að þjóna hinum tvíþætta megingilgangi með sjálfsmatinu, annars vegar að mæta kröfunni um upplýsingaskyldu skólans og hins vegar að stuðla að æskilegu umbótaferli þá er nauðsynlegt að niðurstöður séu kynntar öllum hagsmunaaðilum þ.e.a.s. nemendum, forráðamönnum þeirra, öllu starfsfólki sem og yfirvöldum skólans.

Því var ætlunin hér að birta þær niðurstöður sem fjalla um þá málefna- flokka sem löggin kveða á um (Sjálfsmat skóla 1997: 14-16) og hér voru teknir til mats. Og með birtingu þessarar sjálfsmatsskýrslu er staðið við þá ætlan.

Hins vegar munu hvorki birtar niðurstöður er varða einstaka starfsmenn né upplýsingar sem rekja má til þeirra persónulega.

Meginstefna og sýn skólans urðu að auki aðalleiðarljósið við framkvæmd þessa sjálfsmats Menntaskólans á Ísafirði.

2.2.7 Ábyrgðaraðilar

Eins og hér hefur fyrr komið fram er framkvæmd sjálfsmats í framhaldsskóla lögbundin og auk þess var með þessari verkáætlun að sjálfsmati verið að bregðast við óskum menntamálaráðuneytisins frá 3. janúar 2003. Því má segja að skólasamfélagið í heild sem og skólayfirvöld séu ábyrgðaraðilar þessa verks enda var kostnaður við framkvæmd þess greiddur af almennum rekstrarkostnaði skólans.

2.2.8 Matsaðilar

Verklagið við þennan áfanga sjálfsmatsins í Menntaskólanum á Ísafirði var með þeim hætti að sjálfsmatsnefndin, sem fyrr er getið hélt utan um verkefnið en þó í nánú samstarfi við stjórnendur og raunar allt skólasamfélagið eftir því sem tilefni gafst til og verkinu vatt fram.

Einnig var leitað til sérfróðs aðila utan skólans um frekari ráðgjöf um þessi efni.

2.2.9 Val á viðfangsefni til mats

Sjálfsmatsnefndin fór þá leið að taka í upphafi saman stutt yfirlit yfir þá þætti sem metnir höfðu verið í starfi skólans á undanförunum árum. Með þau atriði í huga tók nefndin síðan saman lista 7 viðfangsefna sem síðan var dreift til starfsmanna skólans í þeim tilgangi að þeir tækju afstöðu til þess hvaða næstu matsverkefni yrðu tekin fyrir.

2.2.10 Viðfangsefni

Þessi könnunarlisti leit þannig út:

Viljakönnun meðal starfsfólks MÍ um næstu matsþætti í sjálfsmati skólans.

Ert þú sammála því að næstu matsþættir í MÍ verði:

1. Um að áfram verði markvisst unnið **gegn brottfalli nemenda** í MÍ.
Svar: _____
2. Um **stoðþjónustu** og aukið **námsframboð** í MÍ.
Svar: _____
3. Um **tengsl grunnskóla og framhaldsskóla**.
Svar: _____
4. Um **skólareglur – aga og umsjón**.
Svar: _____
5. Um **aðbúnað, kennslutæki og starfsaðstöðu**.
Svar: _____

6. Um skipulag náms á 1. ári og aukið námsval.

Svar: _____

Tillögur um aðra matsþætti:

2.2.11 Afmörkun, matsspurningar

Svarhlutfall í þessari viljakönnun var **72%**. Áhugi á þeim viðfangsefnum sem stungið var upp á reyndist nokkuð mismunandi.

Þannig vildu **18,8%** að matið beindist að því að áfram verði markvisst unnið gegn brottfalli nemenda í MÍ.

25% vildu að næstu matsþættir verði um stoðþjónustu og aukið námsframboð í MÍ..

3,13% vildu að næstu matsþættir verði um tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

18,8% vildu að næstu matsþættir verði um skólareglur - aga og umsjón.

6,25% vildu að næstu matsþættir verði um aðbúnað, kennslutæki og starfsaðstöðu.

28,1% vildu að næstu matsþættir verði um skipulag náms á 1. ári og aukið námsval.

Enginn óskaði hins vegar eftir öðrum matsþáttum.

Þegar þessi svör voru athuguð nánar mátti leiða að því gild rök að 2. og 6. viðfangsefnið sem bæði fjölluðu um kennslu og skipulag náms, einkum á 1. námsári, skæru sig að verulegu leyti úr þeim kostum sem starfsfólk skólans óskaði eftir að yrðu næstu matsþættir í MÍ. Þá vekur einnig athygli að næst þar á eftir á óskalistaðnum var m.a. óskín um að áfram verði markvisst unnið gegn brottfalli nemenda frá námi við skólann.

Með þessa niðurstöðu í huga mátti sameina þessar meginóskir og orða kjarnann í næstu matsspurningum á þessa leið:

Eru breytingar í kennsluháttum og skipulagi náms einkum á 1. ári, ásamt auknu námsvali líklegar til þess að draga úr brottfalli nemenda frá námi í MÍ? Ef svo er, í hverju eru þær breytingar einkum fólgnar?

Þegar þetta lá fyrir ákvað sjálfsmatsnefndin að þessar matsspurningar yrðu meginviðfangsefnin í sjálfsmati Menntaskólans á Ísafirði veturinn 2003-2004.

2.2.12 Aðferðir, matstæki

Sjálfsmatsnefndin skipulagði við skólalok vorið 2003 á hvern hátt hún hugðist standa að upplýsingaöflun við þetta mat veturinn 2003-2004.

1. Í fyrsta lagi ákvað nefndin að afla sér upplýsinga um þær helstu breytingar sem orðið höfðu í kennsluháttum í MÍ s.l. 3 ár.
2. Í annan stað ákvað nefndin að afla sér upplýsinga um þróun nemendafjöldans á sama tíma.
3. Þá ákvað nefndin einnig að afla sér upplýsinga um þróun nemendabrottfalls frá námi þessi sömu 3 ár.
4. Á vorönn 2004 ákvað nefndin svo að efna til kannana meðal nemenda, forráðamanna þeirra og starfsfólks skólans um hug þeirra til matsspurninganna tveggja sem nefndar voru hér fyrir í þessu máli auk fleiri atriða, sem við bættust í vinnu nefndarinnar.

Matstækin sem notuð voru við þessar kannanir voru bæði í formi spurningalista og á grundvelli skráðra gagna..

2.2.13 Árangursviðmið

Nauðsynlegt er að setja sér ákveðið viðmið þegar reynt er að meta árangur af ákveðnum þáttum í skólastarfi. Samkvæmt þeim niðurstöðum sem þegar lágu fyrir um meðaltalsbrottfall nemenda frá námi í MÍ við lok þess námsárs, er verkáætlunin var unnin þ.e. frá hausti 2002 til vors 2003 var það 6,9%.

Á haustönn 2002 voru 304 nemendur innritaðir í dagskóla en 286 þeirra luku prófi við annarlök. Brottfallið var því 18 nemendur eða 5,9%. Á vorönn voru 318 nemendur innritaðir en 293 luku prófum vorið 2003. Brottfallið var því 25 nemendur eða 7,9%. Þannig að meðaltalsbrottfall vetrarins var því 6,9% eins og áður greindi. En hafa verður í huga að þessi útkoma var árangur af átaki sem gert var við skólann til þess að stemma gegn brottfalli nemenda frá námi. Rétt er að ítreka að hér er einungis um dagskóla MÍ að ræða en nemendaþróun í kvöldskólanum hefur ekki verið mæld.

Miðað við þessar upplýsingar taldi sjálfsmatsnefndin því eðlilegt að setja skólanum eftirfarandi markmið í þessu efni: Meðaltalsbrottfall fari ekki yfir 6,9% miðað við eitt námsár.

2.3 Útfærsla

2.3.1 Tími, skipulag og hlutverk

Ætlun sjálfsmatsnefndarinnar var að samning spurningalista varðandi sjálfsmatið færi fram á fundum nefndarinnar á haustönn 2003. Þá var einnig gert ráð fyrir að fyrir lægju allar þær upplýsingar um þróun kennsluhátta og nemendafjölda sem getið var hér í næsta kafla á undan í tölulíðum 1 - 3.

Þegar þessari vinnu væri lokið var ætlunin að leggja spurningalistana fyrir á vorönn 2004 þannig að innköllun svara gæti að mestu farið fram fyrir skólalök þá um vorið.

Sjálfsmatsnefndinni var ætlað það hlutverk að semja þessar spurningar í samráði við ýmsa aðila í skólasamfélaginu, ganga síðan frá þeim til útsendingar og ganga loks eftir skilum. Þá skiptu aðilar í nefndinni með sér verkum við að undirbúa gögnin undir frekari úrvinnslu.

2.4 Úrvinnsla

Gert var ráð fyrir að úrvinnsla gagna sem söfnuðust í sjálfsmatinu gæti hafist á reglulegum fundum í sjálfsmatsnefndinni seinni hluta vorannar 2004. Það réðist síðan af því hvernig sú vinna gengi hvenær hafist yrði handa við lokapáttinn, túlkunina.

Við þennan þátt var gert ráð fyrir að leitað yrði til sérfræðings utan skólans um ráðgjöf og aðstoð.

Þetta gekk í stórum dráttum eftir. Úrvinnslan fór að mestu fram í júní 2004.

2.5 Túlkun

Þá var einnig ætlunin að leita ráðgjafar sérfræðings utan skólans um það vanda- verk sem túlkun á svona gögnum og niðurstöðum eru en það verk fór einnig að mestu leyti fram í júní og september 2004. Sérfræðingurinn sem leitað var til var Steinunn Helga Lárusdóttir og veitti hún sjálfsmatsnefndinni ýmsar ágætar ráðleggingar.

2.6 Umbætur

Höfundar verkáætlunarinnar voru fáorðir um þennan lokapátt þessa verkefnis vegna þess að vitaskuld ræðst hann alfarið af því hvernig til tekst um alla fyrri þætti málsins. Niðurstaðan, sem vissulega gefur vonir um jákvæðan árangur af þessu verki birtist hins vegar í þeirri sjálfsmatsskýrslu sem hér kemur fyrir almenningssjónir. Hún er á vissan hátt lokaáfangi verkefnisins en um leið upphafsáfangi næstu skrefa í skólaþróun MÍ sem hafa munu í för með sér ýmsar jákvæðar breytingar í starfsháttum skólans á næstu árum. En þá er um leið kominn tími til að huga að næsta áfanga sjálfsmats í MÍ.

3. Menntastefna skólans

Menntaskólinn á Ísafirði vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að sinna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum og aðalnámskrá framhaldsskóla.

3.1 Hlutverk

Hlutverk Menntaskólans á Ísafirði er „að efla alhliða þroska nemenda skólans svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi og frekara námi“ eins og segir í framhaldsskólalögum.

Menntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og það er skólanum því kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám. Í því skyni er markvisst unnið að því að bæta aðstöðu til náms við skólann.

3.2 Markmið

Markmið Menntaskólans á Ísafirði er að stuðla að siðferðisþroska og jákvæðri lífssýn nemenda sinna með uppbyggilegu skólastarfi, heilbrigðum aga og haldgóðum undirbúningi frekara náms og starfa. Í því skyni leitast skólinn við að veita nemendum góða almenna menntun.

3.3 Leiðir

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að tryggja góðan námsárangur, draga úr brottfalli, efla kennslu og stoðþjónustu og auka námsframboð.

4. Starfslýsingar

Við Menntaskólann á Ísafirði eru 53 starfsmenn, þar af eru um 35 manns í heilum stöðum við kennslu og stjórnunarstörf. Kennarar við skólann eru að jafnað 28-32 að meðtöldum stundakennurum eða kennurum í hlutastöðum, en skólameistari hefur stefnt markvisst að því að hækka hlutfall réttindakennara í starfslíði skólans.

4.1 Stjórnskipan og starfslíð

Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar. Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og aðra stjórnendur að höfðu samráði við skólanefnd. Skólameistari ræður einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

4.2 Skólanefnd

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Skólanefnd gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt. Skólanefnd skal gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. í febrúar og ágúst.

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar. (Rg. 132/1997).

4.3 Skólaráð

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla í samræmi við reglugerð um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti (Rg. 140/1997). Skólaráð er skipað skólameistara, fulltrúum kennara og nemenda, svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra. Skólaráð er vettvangur nemenda til að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanir í málefnum skólans. Þannig er skólaráð tengiliður milli kennara, nemenda og yfirstjórnar skólans. Skólameistari er oddviti skólaráðs og stýrir fundum þess.

4.4 Kennarafundur

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat, og aðra starfsemi og kemur tillögum sínum á framfæri við skólanefnd og skólaráð (Rg. 138/1997). Kennarafundur skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skytt er skólameistara að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða þriðjungur fastra kennara skólans krefjast þess.

4.5 Nemendaráð

Nemendafélag skólans setur sér lög og kys fulltrúa í nemendaráð. Auglýst er eftir framboðum og kjörstjórn annast kosningar. Nemendaráð hefur yfirumsjón með félagslífi og er ábyrgt fyrir þeim hluta nemendagjalda, sem til þess renna. Það ráðstafar fé til einstakra klúbba og starfsemi þeirra. Gjaldkeri þess hefur bókhald með höndum og stendur skil á því til fjármálastjóra og skólastjórnar.

4.6 Skólameistari

Skólameistari veitir skólanum forstöðu í samræmi við erindisbréf Menntamálaráðherra. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyriræli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma lítið.

Sem forstöðumaður ríkisstofnunar ber skólameistari ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Um starfssvið skólameistara, kennara og annarra starfsmanna skóla er nánar kveðið í reglugerð um starfslið framhaldsskóla (5/2001)

4.7 Aðstoðarskólameistari

1. Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur ásamt honum við daglega stjórn og rekstur skólans. Gert er ráð fyrir vikulegum fundum hans með skólameistara og áfangastjóra.

- 1.1 Hann er skólameistara til aðstoðar við kennararáðningar að skólanum; hefur umsjón með þeim stundakennurum sem ekki heyra undir sviðsstjóra og miðlar þeim upplýsingum um starf skólans.
- 1.2 Hann skal skila skólameistara skýrslu um störf sín og stöðu verkefna í lok hvers skólaárs.
2. Aðstoðarskólameistari hefur umsjón með að kennt sé eftir skólanámsskrá hverju sinni í samráði við áfangastjóra og sviðsstjóra.
3. Aðstoðarskólameistari fylgist með því að nóg sé af stólum, borðum og kennslugögnum í kennslustofum og hefur eftirlit með vinnuaðstöðu kennara.
4. Aðstoðarskólameistari er prófstjóri og hefur umsjón með gerð próftöflu. Verksvið hans nær einnig til úrvinnslu einkunna til birtingar. Hann fylgist með því að hlutaprófatafla komi upp á kennarastofu snemma á hverri námsönn.
5. Aðstoðarskólameistari ber ábyrgð á valgreinum skólans. Hann ber enn fremur ábyrgð á uppsetningu og skipulagi kvöldkennslu.
6. Aðstoðarskólameistari hefur með höndum kynningu á námsframboði skólans í samráði við skólameistara.
 - 6.1 Hann hefur umsjón með opnu húsi í skólanum í samráði við námsráðgjafa og kennara;
 - 6.2 Hann skipuleggur í samstarfi við námsráðgjafa kynningarfundir með 10. bekkjar grunnskólanemum og foreldrum þeirra;
 - 6.3 Hann sér til þess að heimasíða skólans miðli ævinlega nýjum upplýsingum um skólastarf og námsframboð.
7. Aðstoðarskólameistari hefur yfirumsjón með kennslutækjum í bóknáms- húsi, öðrum en tölvubúnaði, og ráðstafar húsnaði skólans í samráði við skólameistara og húsverð.
8. Aðstoðarskólameistari hefur faglega umsjón með þeim þróunarverkefnum sem skólinn er aðili að, eftir því sem um semst við skólameistara hverju sinni.

4.8 Áfangastjóri

Áfangastjóri hefur m.a. umsjón með rekstri áfangakerfis við skólann. Starf áfangastjóra felur í sér:

- uppsetningu brauta og áfanga í Innu-skólakerfinu;
- umsjón með skipulagi áfangaframboðs í samráði við sviðsstjóra;
- umsjón með töflubreytingum í upphafi annar og skráningu nemenda í og úr áföngum í samstarfi við námsráðgjafa og kennara;
- umsjón með innritun nemenda í samvinnu við skólameistara og aðstoðarskólameistara;
- umsjón með námsáætlunum;

- umsjón með námsferli nemenda og skráning einkunna í ferilsskrá þeirra;
- eftirlit með P-áföngum og ókenndum áföngum;
- samráð við kennara og nemendur um námslok;
- útprentun útskriftarskírteina;
- umsjón með útsendingu einkunna í lok annar;
- að standa skólameistara skil á upplýsingum um nemendafjölda, prófgengi, einkunnadreifingu og brottfall;
- stundaskrárgerð í samstarfi við aðstoðarskólameistara.

4.9 Sviðsstjórar

Sviðsstjórar eru 5 við Menntaskólann á Ísafirði:

1. Sviðsstjóri stærðfræði, viðskipta-, og tölvugreina
2. Sviðsstjóri erlendra mála
3. Sviðsstjóri íslensku og samfélagsgreina
4. Sviðsstjóri raungreina, sjúkraliðanáms og íþróttar
5. Sviðsstjóri iðngreina

Sviðsstjórar hafa með höndum umsjón og mat á þörfum viðkomandi kennslusviðs (ekki einstakra kennslugreina sem eru á ábyrgð hvers kennara). Í því felst meðal annars:

- Að kalla eftir og safna saman áætlunum um kennsluframvindu til 2ja ára í senn. Þær áætlanir séu lagðar fyrir áfangastjóra og aðstoðarskólameistara og endurskoðaðar fyrir upphaf hvers skólaárs (samræming á framvindu-töflum).
- Að ganga frá innkaupaáætlun til skólastjórnenda að höfðu samráði við kennara um þörf á kennslutækjum, bókum og öðrum kennslugögnum.
- Að standa skil á áfangalýsingum til stjórnenda og/eða námskrárnefndar.
- Að vera stundakennurum til ráðgjafar og stuðnings í þeim faggreinum sem heyra undir viðkomandi kennslusviði, og hafa umsjón með starfi þeirra.
- Að halda sviðsfundi með kennurum svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en einu sinni á önn.
- Að hafa frumkvæði að þróun og eflingu kennslusviðsins; mynda og efla tengsl innan skóla og utan í því skyni.
- Sviðsstjóri skal við lok hverrar annar sitja fundi með skólastjórnendum og skila skólameistara framvinduskýrslu og rökstuddum kennsluáætlunum fyrir næstu önn.

4.10 Kennarar

Kennarar bera ábyrgð á námsmati og kennslu nemenda. Að auki taka þeir þátt í og bera ábyrgð á:

- kennsluundirbúningi, faglegu samstarfi og mati náms í kennslugreinum sínum skv. markmiðum skóla- og aðalnámskrár,
- gerð kennsluáætlana og prófa í samstarfi við aðra kennara,
- að viðhalda faglegri hæfni sinni og huga að tengslum við aðrar námsgreinar,
- skráningu fjarvista nemenda sinna,

- samstarfi vegna starfs síns,
- almennri upplýsingagjöf og upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár,
- að hafa tiltekinn viðtalstíma fyrir nemendur, forráðamenn og vegna upplýsingagjafar,
- að sitja a.m.k. einn fund á ári/önn með forráðamönnum ólögráða nemenda.

Kennara er skylt að sitja kennarafundi.

Auk framangreindra fastra starfa kennara er skólameistara heimilt að semja við þá um sérstakar greiðslur t.d. vegna þróunarstarfa tengdum fjarkennslu, upplýsingatækni, samningu námsefnis eða öðrum faglegum verkefnum.

Nemendum í framhaldsskóla skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á. Með vitneskju sem starfsfólk skólans öðlast um persónuleg mál einstaklinga er farið sem trúnaðarmál.

4.11 Umsjónarkennarar

Umsjónarkennari er tengiliðir milli nemenda og yfirstjórnar skólans og annarra kennara. Hann fylgist með skólasókn nemenda og námsástundun. Hann leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi, aðstoðar þá við námsval og vinnur námsáætlanir með þeim.

4.12 Námsráðgjafar

Námsráðgjafar veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann í samræmi við 10.gr. reglugerðar um starfslið framhaldsskóla nr. 37/1998. Þar er námsráðgjöfum gert að meta hvort unnt sé að leysa úr málum innan skólans eða hvort leita þarf eftir sérhæfðari meðferð til viðeigandi sérfræðinga eða stofnana og koma upplýsingum þar um til skólameistara. Námsráðgjafar skulu í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar:

- skipuleggja og sjá um framkvæmd náms- og starfsfræðslu í skólanum;
- annast ráðgjöf um náms- og starfsval;
- taka þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum;
- fylgjast með námsgengi nemenda sem til hans leita eða til hans er vísað og gera tillögur til úrbóta gerist þess þörf;
- liðsinna kennurum vegna námsvanda einstakra nemenda og vera þeim til aðstoðar við skipulagningu og umsjón með nemendahópum;
- hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er á;
- fylgjast með nýjungum á sviði námsráðgjafar;
- taka saman skýrslu um starfsemina í lok hvers skólaárs.

Auk þess sem framan greinir hafa námsráðgjafar MÍ með höndum hluta áfangastjórnunar sem felst í:

- umsjón með námsáætlun;
- umsjón með námsferli nemenda og skráningu einkunna í ferilsskrá þeirra;
- eftirlit með ákvörðun um námslok nemenda í samráði við kennara;
- eftirlit með P-áföngum og ókenndum áföngum;
- útprentun útskriftarskírteina;
- umsjón með útsendingu einkunna í lok annar;
- umsjón og skipulagningu námsbrautakynninga fyrir nemendum skólans og 10. bekkjar grunnskólanemum í samráði við aðstoðarskólameistara;
- yfirumsjón með samstarfi kennara og foreldra nemenda í menntaskólanum á hverjum tíma.

4.13 Skólasafnvörður

Skólasafnvörður veitir forstöðu bókasafni skólans. Hann annast m.a. innkaup á gögnum fyrir safnið, sem þjónar bæði nemendum og kennurum skólans. Skólasafnvörður aðstoðar nemendur og kennara við heimildaleit og upplýsingaöflun og leiðbeinir þeim um notkun safnsins. Hann hefur með höndum:

- að gera áætlanir um starfsemi safnsins og hafa umsjón með daglegum rekstri þess, bóka- og gagnakosti svo og tækjum og lestrarsölum,
- annast skráningu safnsins og sjá um að halda henni við,
- annast val og innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í umboði skólameistara,
- leiðbeina nemendum og kennurum um notkun safnsins og aðstoða við upplýsingaöflun,
- kynna starfsemi safnsins innan skólans,
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða, skila skýrslu til skólameistara um starfsemi safnsins í lok skólaárs.

4.14 Ritari

Ritari skólans er aðstoðarmaður skólameistara í daglegri umsýslu skólans. Ritari annast afgreiðslu og símvörslu og veitir upplýsingar um skólastarfið auk almennra skrifstofustarfa. Ritari kallar eftir fjarvistaskráningu nemenda og hefur með höndum útskrift og útsendingu reglubundinna fjarvistaryfirlita, aðstoðar við útskrift nemenda, undirbúning og boðun skólanefndarfunda og sinnir eftir þörfum þeim verkefnum sem skólameistari felur honum á hverjum tíma.

4.15 Fjármálastjóri

Gildir frá 15. ágúst 2004.

Fjármálastjóri situr vikulega fundi með stjórnendum skólans og er skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar við rekstur skólans. Hann hefur umsjón með öllu bókhaldi skólans, annast innheimtu og greiðslu reikninga. Hann veitir skólameistara upplýsingar úr bókhaldi hvenær sem þurfa þykir og annast, að beiðni skólameistara, skilagreinar til ráðuneytis, ríkisfóhirðis og ríkisendurskoðunar. Verkefni fjármálastjóra eru auk þess eftirfarandi:

- Gerð fjárhagsáætlana og aðstoð við ársuppgjör skólans til ráðuneytis

- Umsjón og uppgjör sjóða og deilda sem reknar eru á ábyrgð skólans – greiðslur úr sjóðum og uppgjör til ríkisféhirðis
- Launabókhald skólans, skráning aukavinnu starfsmanna, umsjón með vinnuskýrslum kennara og frágangur ráðningarsamninga
- Að kostnaðarmeta nýja eða breytta starfsemi svo sem fyrirhugaðar námsbrautir
- Umsjón með eignaskráningu skólans og árleg skil á henni
- Umsjón með starfsmannaskrá skólans og skilagrein til Hagstofu og ráðuneytis þegar eftir því er kallað
- Fjárhagsleg umsjón með þróunarverkefnum sem skólinn á aðild að
- Greiðsla reikninga, innheimta og skil sér- og ríkistekna, þ.á.m. innritunar- og nemendafélagsgjalda, efnisgjalda, húsaleigu og þjónustugjalda sem og útreikningur og innheimta endurinnritunargjalds.
- Að veita nemendum aðstoð við færslu bókhalds nemendafélags
- Samningur um skólaakstur í nágrennasveitir, sala farkorta til nemenda, greiðsla til verktaka, uppgjör og skilagrein til menntamálaráðuneytis og ríkisendurskoðunar
- Gerð húsaleigusamninga skólahúsnæðis, innheimta leigutekna og uppgjör vegna leigu sumarhótels
- Færslur ferðareikninga starfsmanna og gerð reikninga fyrir nefndarstörf á vegum skólans
- Yfirlestur allra innsendra reikninga vegna rekstrar skólans, greining þeirra í tegundir viðfangsefna og áritun til greiðslu hjá ríkisféhirði
- Innkaup á rekstrarvörum vegna skrifstofu og kennarastofu
- Gengur í almenn skrifstofustörf og símvörslu komi til forfalla ritara

Fjármálastjóri skal rækja starf sitt af samvisskusemi og trúmennsku í hvívetna og gæta fulls trúnaðar um innri málefni skólans.

4.16 Tölvu- og tæknistjóri

Tölvu- og tæknistjóri er kerfisstjóri og tækjavörður. Hann hefur umsjón með öllum tæknibúnaði skólans, tölvukerfi og tækjum, og er skólameistara til ráðgjafar við innkaupaáætlanir á tækni- og kennslubúnaði. Hann fylgist með hugbúnaði og annast endurnýjun og viðhald kerfisins. Tækjavörður hefur umsjón með kennslutækjum og nýtingu þeirra. Hann annast uppsetningu, viðhald og einfaldar viðgerðir á tækjakosti skólans, forritun á öllum tækjabúnaði, þ.á.m. ljósritunarvélum, rafeindastýringum, símkerfi og faxtæki. Í starfinu felst auk þess ráðgjöf, öflun tilboða og milliganga varðandi kaup á tækjabúnaði fyrir skólann.

4.17 Forvarnarfulltrúi

Forvarnarfulltrúi skólans er í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum. Forvarnarfulltrúi er enn fremur félagsmálafulltrúi skólans og tengiliður milli nemenda og stjórnenda. Hann stuðlar að því að forvarnir í víðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans og hefur umsjón með reglulegri endurskoðun á skriflegri stefnu skólans í forvarnarmálum. Forvarnarfulltrúi sér um kynningu á stefnu skólans í forvörnum fyrir starfsmenn, nemendur, foreldra, bæjarfélagið o.fl. Hann sér enn fremur um að fá fræðslu

sem tengist forvörnum fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra og er til viðtals fyrir nemendur og forráðamenn þeirra a.m.k. einu sinni í viku. Forvarnarfulltrúi stýrir vinnu forvarnarteymis við skólann á grundvelli nánari starfslýsingar.

4.18 Húsvörður

Húsvörður Menntaskólans á Ísafirði hefur umsjón og eftirlit með húseignum Menntaskólans á Ísafirði. Hann gerir áætlanir um viðhaldspörf húseigna og nýframkvæmdir í samráði við skólameistara; annast umsjón og eftirlit með viðhaldsframkvæmdum og er tengiliður milli skólans, verktaka og Fasteigna ríkisins og Framkvæmdasýsluna.

4.19 Vistarverðir

Vistarverðir hafa með höndum umsjón og eftirlit með nemendum; að vistarreglum sé framfylgt; og eru nemendum til aðstoðar að næturlagi ef þörf krefur. Gert er ráð fyrir að vistarverðir búi á heimavist, á þeim kjörum sem gilda um húsaleigu í starfsmannabústöðum. Óskipt vistarvarsla telst hálf staða meðan fjöldi nemenda á heimavist fer ekki yfir 70%.

Laun fyrir vistarvörslu eru greidd yfir starfstíma skólans og taka starfskjör mið af stofnanasamningi SFR og ríkisins frá 1. mars 2002.

Jafnan er gert ráð fyrir því að vistarverðir séu til taks. Komi til þess að vistarvörður sé vakinn upp að nóttunni til að hafa afskipti af vistarbúum skal honum greitt 3 klst. útkall hið minnsta. Vistarverðir skulu í upphafi hverrar annar leggja fyrir skólameistara áætlun yfir þær helgarvaktir sem framundan eru, með hliðsjón af viðburðum í félags- og skemmtanalífi nemenda. Skólinn greiðir einungis afleysingar í undantekningartilvikum að fengnu samþykki skólameistara.

Starfsskyldur vistarvarða eru eftirfarandi:

1. Við upphaf skólaárs skulu vistarverðir taka á móti nemendum sem best, afhenda þeim lykla og vísa þeim til herbergja. Þá skal hver nemandi fá í hendur eintak af heimavistarreglum og helst einhverjar aðrar upplýsingar um staðinn og umhverfið, eftir því sem kostur er.
2. Vistarverðir sjá til þess að kynna heimavistarreglur fyrir nemendum og sjá til þess að eftir þeim verði farið.
3. Vistarverðir sjái um að nemendur undirriti viðurkenningu fyrir því að hafa tekið við tilteknum húsgögnum og munum á herberginu, enda bæti þeir hugsanlegt tjón er síðar kann að verða á þeim.
4. Umsjón með lyklakerfi vistarinnar er í höndum vistarvarða sem afhenda nemendum lykla að framvísaðri greiðslukvittun fyrir heimavistargjöldum og fylgjast með því að þeir greiði lykilgjald (tryggingarfé) á skrifstofu skólans. Þá skulu vistarverðir gera íbúalista heimavistar handa skrifstofu skólans, skólameistara og matráðskonu.

5. Vistarverðir skipuleggja og fylgjast með næturvörslu, en hún er að miklu leyti í höndum nemenda, sem fá greitt fyrir næturvaktir (að jafnaði þó ekki fleiri en 2-3 í mánuði). Þegar hátíðir nemenda eiga sér stað þarf annar vistarvörðurinn að vera á næturvakt, annars eru vistarverðir að jafnaði á bakvakt. Slökkva skal ganga- og stigaljós og á sjónvarpi um kl. 23:00 sé kennsludagur að morgni.
6. Gert er ráð fyrir að á heimavist sé kosið vistarráð með 2 fulltrúum nemenda auk vistarvarða. Vistarráð fundar a.m.k. tvisvar á önn en fundi með öllum vistarbúum skal halda ekki sjaldnar en einu sinni á önn.
7. Íbúar heimavistar eiga að snúa sér til nemendafulltrúa í vistarráði komi upp vandkvæði í fjarveru vistarvarðar. Vistarverðir skulu tryggja að vistarráð hafi upplýsingar um það hvert beri að snúa sér ef upp koma vandkvæði á heimavist í fjarveru vistarvarðar.¹
8. Vistarverðir fylgist sérstaklega vel með því að reglur um næði í húsakynnum og meðferð tóbaks, áfengis og annarra vímuefna séu ekki brotnar. Mikilvægt er að óboðnum gestum verði strax vísað brott, jafnvel með aðstoð lögreglu. Brot nemenda skulu skráð í bók og tilkynnt skólameistara, en hann einn getur veitt lokaáðvaranir og vísað nemendum af vistinni.
9. Vistarverðir skulu fylgjast með þrifum og umgengni, sbr. IV. kafla í heimavistarreglum, í samráði við húsvörð og ræstingafólk.
10. Úthlutun þvottatíma í þvottahúsi vistarinnar er í höndum vistarvarða sem fylgjast með því að notkun þvottahúss gangi árekstralaust. Húsvörður á þó að útvega þvottaefni og sjá um viðgerðir á þvottavélum, en honum á að tilkynna um bilanir.
11. Nauðsynlegt er að vistarverðir séu tilbúnir að veita nemendum á heimavist viðtöl um ýmis vandamál þeirra, jafnvel um persónulega erfiðleika, og liðsinna þeim síðan eftir því sem efni standa til. Þessi sálsgæsluþáttur er mikilvægur með tilliti til þess að heimavistin er heimili nemenda yfir skólatímann. Sérstaklega þarf að hugsa um velferð þeirra nemenda sem eiga við fjölskylduerfiðleika að stríða eða geta sjaldan farið heim til sín.
12. Vistarverðir skulu vera til aðstoðar þegar gestir koma til gistingar á heimavistinni á vegum skólans, einkum við að taka til herbergi, sækja rúmföt og jafnvel þvo þau síðar.
13. Vistarverðir skulu sjá til þess að kynna eldvarnir og rýmingarleiðir heimavistar fyrir vistarbúum og gangast fyrir a.m.k. einni brunaæfingu á önn.

¹ Í fjarveru vistarvarðar skal leita til **húsvarðar** ef nemandi læsist úti, upp kemur leki eða aðrar skemmdir á húsakynnum. Leita skal til **skólameistara** eða **aðstoðarskólameistara** ef slys ber að höndum, ölvun kemur upp eða ef kalla þarf til lögreglu eða slökkvilið.

5. Matsskýrsla

5.1 Inngangur

Hér er birt sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans á Ísafirði vegna sjálfsmats skólans, sem unnið var að frá því á útmánuðum 2003 til hausts 2004.

5.2 Útdráttur

Eins og fram kemur hér í inngangsorðum var unnið að formlegu sjálfsmati í Menntaskólanum á Ísafirði seinni hluta vetrar 2003 og síðan veturinn 2003-2004. Verkið hófst með undirbúningi og útgáfu opinberrar verkáætlunar, sem lokið var við í júnímánuði 2003. Sjálfsmatsnefnd skólans hélt utan um verkefnið bæði starfsárin í nánu samstarfi við stjórnendur skólans. Nefndin var þannig skipuð:

2002-2003: Guðbjartur Ólason, verkefnisstjóri, Agnes Karlsdóttir, Friðgerður Ómarsdóttir og Sigurður Pétursson.

2003-2004: Guðbjartur Ólason, verkefnisstjóri, Agnes Karlsdóttir, Guðmundur Þór Gunnarsson og Guðrún Á. Stefánsdóttir.

Verkið var unnið samkvæmt sjálfsmatslíkani Steinunnar Helgu Lárusdóttur, ***Prep í þróun sjálfsmats.***

Matsspurning hafði verið ákveðin eftir almenna könnun meðal alls starfsfólks skólans:

Eru breytingar í kennsluháttum og skipulagi náms einkum á 1. ári, ásamt auknu námsvali líklegar til þess að draga úr brottfalli nemenda frá námi í MÍ? Ef svo er, í hverju eru þær breytingar einkum fólgnar?

Meðaltalsbrottfall nemenda frá námi við MÍ hafði veturinn 2001-2002 verið 11,1% en veturinn 2002-2003 6,9% og var það sett sem viðmið í sjálfsmatinu. Veturinn 2003-2004 reyndist meðaltalsbrottfallið 5,5%.

Veturinn 2003-2004 vann sjálfsmatsnefndin að undirbúningi viðhorfskönnunar meðal nemenda skólans, sem einkum laut að matsspurningunni sem og almennu viðhorfi til skólans og starfsemi hans. Svipuð könnun en þó mun styttri var einnig lögð fyrir starfsfólk skólans að undanskildum stjórnendum. Þá var einnig lögð álíka viðhorfskönnun fyrir forráðamenn þeirra nemenda, sem voru innan lögræðisaldurs. Allar þessar kannanir fóru fram í apríl 2004.

Síðan var unnið úr svörum í öllum könnunum í júní 2004. Í framhaldi af því var lagður grunnur að túlkun helstu niðurstaðna, sem kannanirnar leiddu í ljós. Leitað var til Steinunnar Helgu Lárusdóttur um ráðgjöf við það verkefni. Skulu henni færðar hér þakkir fyrir holl ráð og haldgóðar leiðbeiningar um þau efni.

Veturinn 2004-2005 er síðan ætlunin að vinna að umbótum í starfi Menntaskólans á Ísafirði samkvæmt þeim niðurstöðum, sem sjálfsmatið hefur

leitt til og nánar er greint frá í þessari matskýrslu en þar ber formlega endurskoðun skólanámskrár MÍ hæst.

5.3 Menntaskólinn á Ísafirði

Í inngangskafnanum í þeirri verkáætlun um kerfisbundið sjálfsmat í Menntaskólanum á Ísafirði 2003-2004, sem birt er hér fremst í þessari sjálfsmatskýrslu og einkum þó í kaflanum 2.2.1 *Skólamenning* eru saga og markmið skólans rakin í hnotskurn. Hér er látið nægja að vísa til þeirra upplýsinga sem og þeirra starfslýsinga starfsmanna skólans, sem einnig eru birtar hér fyrir í skýrslunni.

5.4 Lýsing á því sem tekið var til mats

Sjálfsmatið við Menntaskólann á Ísafirði 2003-2004 er fyrst og fremst um það hvernig stuðla megi að minnkun brottfalls nemenda frá námi í skólanum en jafnframt var leitast við að athuga viðhorf nemenda, starfsfólks og annarra hlutaðeigenda til skólans. Sjálfsmatið er **formlegt** og framkvæmd þess var samkvæmt opinberri verkáætlun, sem gefin var út vorið 2003. Það er einnig **altækt** með því að þeir þættir, sem teknir voru til mats að þessu sinni náðu til alls skólasamfélagsins þ.e. nemenda, foreldra þeirra og alls starfsfólksins. Þá er matið **samstarfsmiðað** vegna þess að matsþættirnir voru ákveðnir á grundvelli könnunar meðal alls starfsfólks í skólanum. Það er einnig **áreiðanlegt** vegna þess að það er byggt á tölulegum gögnum í skólanum, sem leiðrétt voru, ef villur komu í ljós. Loks verður að telja matið **umbóta- árangurs- stofnana- og einstaklingsmiðað**, vegna þess að ætlunin er að nota niðurstöður þess til þess að vinna að umbótum í starfi stofnunarinnar og bæta þannig árangur af starfsemi skólans. Árangursviðmið var sett um þann þátt, sem sérstaklega var tekið til mats. Það var grundvallað á stöðu mála við upphaf matsins í lok námsársins 2002-2003 og síðan var árangurinn 2003-2004 borinn saman við þá stöðu sem og árangurinn 2001-2002. Þá er sjálfsmatið **lýsandi** vegna þess að í þessari sjálfsmatskýrslu er stutt hnitmiðuð lýsing á starfsemi skólans, sem einnig hefur tengsl við markmiðssetningu í lokum skýrslunnar. Sjálfsmatið er einnig **greinandi** þar sem það birtir kerfisbundið styrk- og veikleikagreiningu um þann þátt, sem sérstaklega var tekinn til mats að þessu sinni. Loks er sjálfsmatið **opinbert** þar sem það verður öllum aðgengilegt á heimasíðu skólans frá haustinu 2004.

Samkvæmt framanskráðu verður því að telja að öllum þeim tíu viðmiðum, sem Menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar við úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla og getið er hér fyrir í þessu máli sé fullnægt.

5.5 Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd sjálfsmats í framhaldsskóla er lögbundin og auk þess er með þessu sjálfsmati verið að bregðast við óskum menntamálaráðuneytisins frá 3. janúar 2003. Því má segja að skólasamfélagið í heild sem og skólayfirvöld séu ábyrgðaraðilar þessa verks enda mun kostnaður við framkvæmd þess greiðast af almennum rekstrarkostnaði skólans.

5.6 Tilgangur

Eins og fram kom hér næst á undan er annar megintilgangurinn með sjálfsmatinu að bregðast við lagabundinni kröfu menntamálayfirvalda um upplýsingamiðlun og umbætur í starfsemi skólans. Hinn tilgangurinn er að taka mið af því, sem áður hefur verið unnið í þessum efnum við skólann og jafnframt að fara að óskum meirihluta starfsmanna um könnunarefnið.

5.7 Matsaðili

Verklagið við sjálfsmatið í Menntaskólanum á Ísafirði var á þann veg að sjálfsmatsnefnd í nánú samstarfi við stjórnendur skólans hélt utan um verkefnið. En í henni áttu sæti veturinn 2003-2004, Guðbjartur Ólason, verkefnisstjóri, Agnes Karlsdóttir, Guðmundur Þór Gunnarsson og Guðrún Á. Stefánsdóttir. Nefndin undirbjó afmörkun matsspurningar vorið 2003 í könnun meðal starfsfólks skólans, sem leiddi til þeirrar matsspurningar, sem skráð er hér að neðan.

5.8 Matsspurning

Eru breytingar í kennsluháttum og skipulagi náms einkum á 1. ári, ásamt auknu námsvali líklegar til þess að draga úr brottfalli nemenda frá námi í MÍ? Ef svo er, í hverju eru þær breytingar einkum fólgnar?

5.9 Aðferð

Aðferðin fólst í tvíþættri framkvæmd sjálfsmatsins, sem gerð er grein fyrir hér að neðan. Jafnframt var unnið úr niðurstöðunum með þeim matstækjum, sem einnig eru skýrð hér í framhaldinu.

5.10 Framkvæmd

Framkvæmd sjálfsmatsins var í stórum dráttum tvíþætt. Annars vegar var athugað nemendabrottfall við Menntaskólann á Ísafirði á fjórum námsönnum fyrir athugunartímabilið og það síðan borið saman við stöðuna veturinn 2003-2004. Meðaltalsbrottfallið veturinn 2002-2003 var sett sem viðmið áður en könnunin fór fram en það reyndist eftir endurskoðun vera 6,9%.

Hins vegar var nánari viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur skólans með 26 spurningum í aprílmánuði 2004. Hún var lögð fyrir 70,9% nemenda, sem mættir voru í skólann, þegar könnunin fór fram. Enn fremur voru 9 spurningar lagðar fyrir starfsfólk skólans. Og loks voru 7 spurningar lagðar fyrir forráðamenn þeirra nemenda, sem ekki höfðu náð lögræðisaldri. Efni spurninganna mátti að verulegu leyti skipta í tvennt: Annars vegar var um að ræða almennt viðhorf til skólans og starfsemi hans. Hins vegar lutu spurningarnar sérstaklega að efni matsspurningarinnar.

6. Matstæki og úrvinnsla (viðmið, tölfræðileg úrvinnsla)

6.1 Þróun nemendabrottfalls frá námi við MÍ 2001-2004

2001-2	<i>Haust</i>	281-232=49; 17,4%	Vor 258-246=12; 4,7%
		meðaltalsbrottfall 11,1%	
2002-3	<i>Haust</i>	304-286=18; 5,9%	Vor 318-293=25; 7,9%
		meðaltalsbrottfall 6,9%	
2003-4	<i>Haust</i>	329-315=14; 4,3%	Vor 316-295=21; 6,6%
		meðaltalsbrottfall 5,5%	

6.2 Viðhorfskönnun meðal nemenda í MÍ 18 ára og yngri, í apríl 2004

Hér að neðan eru skráðar þær spurningar, sem lagðar voru fyrir nemendur. Jafnframt eru greind svör þeirra í fjölda og hlutföllum. Þá kemur einnig fram á yfirlitinu hvernig þátttakendafjöldinn skiptist eftir námsárum og kyni að stærstum hluta.

1. Ég er nemandi í M.Í.

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Á fyrsta ári	63	28%
Á öðru ári	61	27%
Á þriðja ári	67	30%
Á fjórða ári	33	15%
Alls	224	
Kyn		
	Alls	Hlutfall
Auðir	10	4%
stelpa	125	56%
strákur	89	40%
Alls	224	

2. Er viðhorf þitt til M.Í jákvætt eða neikvætt?

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög jákvætt	35	16%
Frekar jákvætt	114	51%
Hvorki né	49	22%
Frekar neikvætt	22	10%
Mjög neikvætt	3	1%
Alls	224	

3. Líður þér vel eða illa við störf og nám við M.Í?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög vel	47	21%
Frekar vel	116	52%
Hvorki né	44	20%
Frekar illa	15	7%
Mjög illa	2	1%
Alls	224	

4. Eru samskipti þín við starfsfólk M.Í. góð eða slæm?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög góð	46	21%
Frekar góð	107	48%
Hvorki né	60	27%
Frekar slæm	10	4%
Mjög slæm	1	0%
Alls	224	

5. Telur þú að 95% mætingareglan hafi bætt vinnubrögð og aukið gæði náms í M.Í.?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög sammála	72	32%
Frekar sammála	70	31%
Hvorki né	48	21%
Frekar ósammála	18	8%
Mjög ósammála	16	7%
Alls	224	

6. Telurðu námsmat M.Í. vera sanngjarnt eða ósanngjarnt?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög sanngjarnt	20	9%
Frekar sanngjarnt	115	51%
Hvorki né	57	25%
Frekar ósanngjarnt	26	12%
Mjög ósanngjarnt	6	3%
Alls	224	

7. Finnst þér heimanám of mikið eða lítið við M.Í.?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög mikið	12	5%
Frekar mikið	66	29%
Hvorki né	138	62%
Frekar lítið	7	3%
Mjög lítið	1	0%
Alls	224	

8. *Vinnur þú mikið eða lítið með námi/skóla?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög mikið	17	8%
Frekar mikið	58	26%
Hvorki né	36	16%
Frekar lítið	57	25%
Mjög lítið	55	25%
Alls	224	

9. *Er öflugt umsjónarkerfi og námsráðgjöf styrkur fyrir nemendur við að skipuleggja nám sitt betur?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	3	1%
Mjög sammála	37	17%
Frekar sammála	91	41%
Hvorki né	52	23%
Frekar ósammála	33	15%
Mjög ósammála	8	4%
Alls	224	

10. *Leitar þú aðstoðar oft eða sjaldan hjá umsjónarkennara?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög oft	2	1%
Frekar oft	22	10%
Hvorki né	31	14%
Frekar sjaldan	50	22%
Mjög sjaldan	119	53%
Alls	224	

11. *Hefur þú mikið eða lítið gagn af umsjónartímum annan hvern fimmtudag?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög mikið	9	4%
Frekar mikið	16	7%
Hvorki né	39	17%
Frekar lítið	61	27%
Mjög lítið	98	44%
Alls	224	

12. *Leitar þú aðstoðar oft eða sjaldan hjá námsráðgjafa?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög oft	2	1%
Frekar oft	12	5%
Hvorki né	19	8%
Frekar sjaldan	52	23%
Mjög sjaldan	138	62%
Alls:	224	

13. Er námsráðgjöfin vel eða illa sýnileg innan skólans?

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög vel	13	6%
Frekar vel	44	20%
Hvorki né	78	35%
Frekar illa	61	27%
Mjög illa	27	12%
Alls	224	

14. Telur þú að sá árangur sem náðst hefur við að draga úr brottfalli nemenda frá námi við M.Í. sé vegna hvatningar stjórnenda og starfsfólks?

	Alls	Hlutfall
Auðir	2	1%
Mjög sammála	13	6%
Frekar sammála	54	24%
Hvorki né	103	46%
Frekar ósammála	31	14%
Mjög ósammála	21	9%
Alls	224	

15. Finnst þér námið almennt frekar erfitt eða létt?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög erfitt	5	2%
Frekar erfitt	74	33%
Hvorki né	128	57%
Frekar létt	16	7%
Mjög létt	1	0%
Alls	224	

16. Kemur þú oft eða sjaldan vel undirbúinn undir námið í skólann?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög oft	19	8%
Frekar oft	98	44%
Hvorki né	47	21%
Frekar sjaldan	47	21%
Mjög sjaldan	13	6%
Alls	224	

17. Reiknar þú með góðum eða slæmum námsárangri í M.Í.?

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög góðum	19	8%
Frekar góðum	110	49%
Hvorki né	70	31%
Frekar slæmum	20	9%
Mjög slæmum	5	2%
Alls	224	

18. *Telurðu námsframboð við M.Í. mikið eða lítið?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög mikið	3	1%
Frekar mikið	37	17%
Hvorki né	96	43%
Frekar lítið	69	31%
Mjög lítið	18	8%
Alls	224	

19. *Eru valleiðir í áfangakerfi M.Í. vel eða illa kynntar?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög vel	8	4%
Frekar vel	57	25%
Hvorki né	50	22%
Frekar illa	89	40%
Mjög illa	20	9%
Alls	224	

20. *Velur þú braut/svið með tilliti til frekara náms á háskólastigi?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög sammála	61	27%
Frekar sammála	75	33%
Hvorki né	57	25%
Frekar ósammála	21	9%
Mjög ósammála	10	4%
Alls	224	

21. *Hversu snemma eða seint telur þú að kynning á námi á háskólastigi komi að mestu gagni?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Á fyrsta ári	37	17%
Á öðru ári	54	24%
Á þriðja ári	91	41%
Á fjórða ári	26	12%
Í grunnskóla	15	7%
Alls	224	

22. *Ertu sáttur eða ósáttur við fjölda/val bóknámsbrauta við M.Í.?*

	Alls	Hlutfall
Auðir	0	0%
Mjög sáttur	14	6%
Frekar sáttur	88	39%
Hvorki né	83	37%
Frekar ósáttur	33	15%
Mjög ósáttur	6	3%
Alls	224	

23. Ertu sáttur eða ósáttur við fjölda/val á verknámsbrautum M.Í.?

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög sáttur	21	9%
Frekar sáttur	43	19%
Hvorki ná	123	55%
Frekar ósáttur	28	13%
Mjög ósáttur	8	4%
Alls	224	

24. Telur þú vel eða illa kynnt að hægt er að ljúka stúdentsprófi á þremur árum við M.Í.?

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög vel	6	3%
Frekar vel	21	9%
Hvorki vel né illa	32	14%
Frekar illa	58	26%
Mjög illa	106	47%
Alls	224	

25. Eru réttindi á hinum ýmsu millistigum náms í M. Í vel eða illa skilgreind í áfangakerfinu?

	Alls	Hlutfall
Auðir	2	1%
Mjög vel	1	0%
Frekar vel	15	7%
Hvorki vel né illa	103	46%
Frekar illa	77	34%
Mjög illa	26	12%
Alls	224	

26. Telur þú að aukið námsval nemenda dragi úr brottfalli þeirra frá námi við M.Í.?

	Alls	Hlutfall
Auðir	1	0%
Mjög sammála	61	27%
Frekar sammála	97	43%
Hvorki né	49	22%
Frekar ósammála	13	6%
Mjög ósammála	3	1%
Alls	224	

6.3 Viðhorfskönnun meðal starfsmanna MÍ í apríl 2004

1. Ég er starfsmaður við MÍ

	Niðurstaða	%
Kona	10	42
Karl	12	50
Auðir	2	8
Alls	24	

2. Er viðhorf mitt til MÍ jákvætt eða neikvætt?

	Niðurstaða	%
Mjög jákvætt	10	42
Frekar jákvætt	13	54
Hvorki né	1	4
Frekar neikvætt	0	0
Mjög neikvætt	0	0
Alls	24	

3. Líður þér vel eða illa við störf í MÍ?

	Niðurstaða	%
Mjög vel	6	25
Frekar vel	10	42
Hvorki né	5	21
Frekar illa	2	8
Mjög illa	1	4
Alls	24	

4. Eru samskipti þín við starfsfólk og nemendur góð eða slæm?

	Niðurstaða	%
Mjög góð	11	46
Frekar góð	11	46
Hvorki né	1	4
Frekar slæm	1	4
Mjög slæm	0	0
Alls	24	

5. Telur þú stöðu skólans í samfélaginu sterka eða veika?

	Niðurstaða	%
Mjög sterka	2	8
Frekar sterka	18	75
Hvorki né	2	8
Frekar veika	2	8
Mjög veika	0	0
Alls	24	

6. Telurðu að þú fái mikla eða litla hvatningu til að auka við þekkingu þína

	Niðurstaða	%
Mjög mikla	0	0
Frekar mikla	4	17
Hvorki né	10	42
Frekar litla	5	21
Mjög litla	4	17
Auðir	1	4
Alls	24	

7. Er öflugt umsjónarkerfi og námsráðgjöf styrkur fyrir nemendur við að skipuleggja nám sitt betur?

	Niðurstaða	%
Mjög sammála	15	63
Frekar sammála	7	29
Hvorki sammála né ósammála	0	0
Frekar ósammála	0	0
Mjög ósammála	1	4
Auðir	1	4
Alls	24	

8. Telur þú að aukið námsval nemenda dragi úr brottfalli þeirra frá námi við MÍ?

	Niðurstaða	%
Mjög sammála	6	25
Frekar sammála	14	58
Hvorki sammála né ósammála	0	0
Frekar ósammála	2	8
Mjög ósammála	0	0
Auðir	2	8
Alls	24	

9. Ef þú telur aukið námsval vænlegt til að draga úr brottfalli nemenda frá námi í MÍ, á hvaða sviði ættu nýjar námsgreinar eða áfangar í boði að vera?

Á sviði tengdu	Niðurstaða	%
sjávarútvegi	6	12
iðnaði	6	12
þjónustu	4	8
verknámi	10	20
tækninámi	5	10
rekstri og viðskiptum	4	8
listnámi	6	12
ferðamálum	9	18
Alls	50	

6.4 Viðhorfskönnun meðal forráðamanna nemenda í MÍ 18 ára og yngri, í apríl 2004

1. Ég er forráðamaður nemanda í MÍ

	Niðurstaða	%
Ekki gefið upp	1	2%
Á fyrsta ári	29	57%
Á öðru ári	15	29%
Á þriðja ári	6	12%
Alls	51	

2. *Telur þú að barninu þínu líði vel eða illa við nám í MÍ?*

	Niðurstaða	%
Auðir	1	2%
Mjög vel	9	18%
Frekar vel	33	65%
Hvorki né	4	8%
Frekar illa	3	6%
Mjög illa	1	2%
Alls	51	

3. *Er viðhorf þitt til MÍ jákvætt eða neikvætt?*

	Niðurstaða	%
Auðir	0	0
Mjög jákvætt	18	35%
Frekar jákvætt	29	57%
Hvorki né	4	8%
Frekar neikvætt	0	0%
Mjög neikvætt	0	0%
Alls	51	

4. *Telur þú stöðu skólans í samfélaginu sterka eða veika?*

	Niðurstaða	%
Auðir		
Mjög sterka	12	24%
Frekar sterka	31	61%
Hvorki né	6	12%
Frekar veika	2	4%
Mjög veika	0	0%
Alls	51	

5. *Er öflugt umsjóna kerfi og námsráðgjöf styrkur fyrir nemendur við að skipuleggja nám sitt betur?*

	Niðurstaða	%
Auðir	1	2%
Mjög sammála	37	73%
Frekar sammála	11	22%
Hvorki né	2	4%
Frekar ósammála	0	0%
Mjög ósammála	0	0%
Alls	51	

6. *Hversu mikið fylgstu með mætingu barnsins þíns?*

	Niðurstaða	%
Auðir	0	0%
Mjög oft	36	71%
Frekar oft	12	24%
Hvorki né	3	6%
Frekar sjaldan	0	0%
Mjög sjaldan	0	0%
Alls	51	

7. *Leggur þú mikla eða litla áherslu á að barnið þitt ljúki viðurkenndu prófi við MÍ?*

	Niðurstaða	%
Auðir	1	2%
Mjög mikla	37	73%
Frekar mikla	13	25%
Hvorki né	0	0%
Frekar litla	0	0%
Mjög litla	0	0%
Alls	51	

8. *Telur þú að aukið námsval dragi úr brottfalli nemenda úr námi við MÍ?*

	Niðurstaða	%
Auðir	1	2%
Mjög sammála	27	53%
Frekar sammála	18	35%
Hvorki né	2	4%
Frekar ósammála	3	6%
Mjög ósammála		
Alls	51	

9. *Ef þú telur að aukið námsval sé vænlegt til að draga úr brottfalli nemenda frá námi í MÍ, á hvaða svið ættu þær nýju greinar að vera?*

	Niðurstaða	%
Sjávarútvegi	10	11%
Iðnaði	8	9%
Þjónustu	5	6%
Verknámi	23	26%
Tækninámi	19	21%
Rekstri og viðskiptum	8	9%
Listnámi	7	8%
Ferðamálum	9	10%
Alls	89	

7. Niðurstöður (frásögn og greining niðurstaðna) Umræða (samantekt niðurstaðna og túlkun)

7.1 Um þróun nemendabrottfallsins

Greinilegt er að dregið hefur úr nemendabrottfalli frá námi í MÍ seinustu þrjá veturna. Þegar lagt var upp var ákveðið að setja meðaltalsbrottfallið veturinn 2002-2003 sem viðmið. Rétt er þó að taka fram að viðmiðið, sem tilgreint var í verkáætluninni vorið 2003 var byggt á röngum upplýsingum og er hér með beðist velvirðingar á því. Þegar réttar upplýsingar komu í ljós var þetta vitaskuld leiðrétt. Ástæður fyrir því hvers vegna miðað hefur í rétta átt í MÍ í þessu efni eru ekki nákvæmlega ljósar. Stjórnendur og allt annað starfsfólk skólans hefur meðvitað unnið í þessa veru en eflaust er margt enn óunnið til þess að viðunandi árangur náist til lengri framtíðar. Og ef til vill er hér um baráttu að ræða, sem aldrei lýkur.

7.2 Breytingar á kennsluháttum og skipulagi náms

Tvenns konar breytingar urðu á kennsluskipulagi í MÍ veturinn 2003-2004. Um haustið 2003 hófst kennsla á nýrri braut, sem nefndist *grunnám byggingagreina* ætluð þeim nemendum, er síðar stefna að námi í byggingaiðngreinum. Í janúar 2004 hófst síðan kennsla á *nýbúabraut* en námið þar er sérstaklega ætlað nemendum af erlendum uppruna.

Núverandi námsskipan Menntaskólans á Ísafirði er sem hér segir:

Námsbrautir:

Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðibraut-Félagsfræðikjörsvið
Félagsfræðibraut-Viðskiptakjörsvið
Náttúrufræðibraut

Annað bóknám

Listnámsbraut (tónlistarkjörsvið)
Almenn námsbraut

- leið I
- leið II
- nýbúanám (leið III)

Starfsbraut (2-4)

Fag- og verknám

Sjúkraliðabraut
Grunnnám rafiðna
Grunnnám málmiðngreina
Grunnám byggingagreina
Vélstjórnarnám 1. og 2. stig
Samningsbundið iðnnám
Félagsliðabré

7.3 Um viðhorfskönnun meðal nemenda

Nemendafjöldinn, sem þátt tók í könnuninni var 224. En heildarnemendafjöldinn á önninni var 316, þannig að þátttakan í könnuninni var 70,9 % miðað við það viðmið. Könnunin var framkvæmd í skólanum hjá öllum þátttakendum sama daginn en reynt var að finna tíma þar sem sem flestir nemendur áttu að vera viðstaddir samtímis. Þegar könnunin fór fram áttu 270 nemendur að vera til staðar samkvæmt stundaskrá og miðað við það var þátttakan 83%. Kynjahlutföllin voru 56% stúlkur en 40% piltar samkvæmt svörun um það efni.

Spurningar 2-4 eru um líðan nemenda, viðhorf til skólans og samskipti við starfsfólk. Viðhorf nemenda til skólans virðist ótvírætt fremur jákvætt. Þannig telur 67% svarenda viðhorf sitt til skólans mjög eða frekar jákvætt og 73% svarenda segja líðan sína mjög eða frekar góða við störf eða nám í skólanum. Og samskipti nemenda við starfsfólk skólans virðast einnig vel viðunandi, því að 69% svarenda telur þau mjög eða frekar góð. Þó segja 11% svarenda viðhorf sitt til skólans frekar eða mjög neikvætt, 8% segja líðan sína frekar eða mjög slæma og 4% svarenda telur samskipti sín við starfsfólk skólans frekar slæm. Enda þótt hér sé ekki um hátt hlutfall að ræða er þetta mat vissulega umhugsunarvert.

Spurningar 5-13 fjalla um ástundun, nám, umsjón og námsráðgjöf. 63% svarenda telja að 95% mætingareglan hafi bætt vinnubrögð og aukið gæði náms í MÍ. 60% svarenda álitur námsmat í MÍ mjög eða frekar sanngjarnt en aðeins 34% svarenda telur heimanám mjög eða frekar mikið en verulegur meirihluti eða 62% tekur ekki afstöðu til þess álitamáls. Athygli vekur að 34% svarenda segist vinna mjög eða frekar mikið með námi en 50% frekar eða mjög lítið.

Þegar reynt er að leggja mat á umsjónarkerfi og námsráðgjöf í MÍ kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. 58% svarenda telur öflugt umsjónarkerfi og námsráðgjöf styrk fyrir nemendur við að skipuleggja nám sitt en 19% eru því frekar eða mjög ósammála. Aðeins 11% svarenda leita oft til umsjónarkennara eftir aðstoð og 75% svarenda sjaldan eða aldrei. Þetta mat vekur sérstaka athygli. Og þegar spurt er um það hvort nemendur hafi mikið eða lítið gagn af umsjónartímum annan hvern fimmtudag er mat svarenda að 11% hafi mikið eða frekar mikið gagn af þessum tímum en 71% telur gagnið frekar eða mjög lítið.

Svipað er uppi á teningnum, þegar fjallað er um námsráðgjöf í skólanum. Hún virðist nánast eingöngu nýtast þeim, sem höllustum fæti standa að mati svarenda. Þannig leita aðeins 6% svarenda mjög eða frekar oft aðstoðar námsráðgjafa en 85% frekar eða mjög sjaldan. Þó telja 26% svarenda námsráðgjöfina mjög eða frekar vel sýnilega innan skólans en 39% telja hana frekar illa eða mjög illa sýnilega.

Afstöðuleysi virðist hins vegar nokkuð afgerandi, þegar kemur að því að meta hvort hvatning stjórnenda eða starfsfólks hafi ráðið miklu um þann árangur, sem náðst hefur í því að draga úr brottfalli frá námi í MÍ. 30% svarenda álitu það mjög eða frekar líklegt, 23% töldu það frekar eða mjög ólíklegt en 46% tóku hins vegar enga afstöðu í þessu álitamáli.

Seinni hluti spurninganna eða spurningar 15-26 fjalla nánast allar um námið, námsframboðið og áfangakerfið í MÍ og framkvæmd þess. 35% svarenda telja námið mjög eða frekar erfitt en einungis 7% frekar létt þannig að meirihlutinn eða 57% telur námið hvorki erfitt né létt.

Enda segjast 52% koma oft vel undirbúin í skólann en hins vegar segjast 27% svarenda gera það frekar eða mjög sjaldan. Samt reiknar ekki nema 11% svarenda með frekar eða mjög slæmum námsárangri en hins vegar reiknar 57% með frekar eða mjög góðum árangri.

Þegar spurt var um námsframboð og valleiðir á áfangakerfi MÍ kemur nokkuð athyglisvert mat í ljós. Þannig álitur 18% svarenda námsframboð í MÍ mjög eða frekar mikið en 39% telur það mjög eða frekar lítið. Í þessu mati endurspeglast trúlega stærð skólans að einhverju leyti. Og 29% svarenda telja valleiðir í áfangakerfi MÍ mjög eða frekar vel kynntar þegar 49% eru á öndverðri skoðun og telja valleiðirnar frekar eða mjög illa kynntar.

Framtíðaráform virðast eðlilega vera ofarlega í huga nemenda, þannig sögðust 60% svarenda velja sér braut/svið með tilliti til frekara náms á háskólastigi og 41% telja að kynning náms á háskólastigi gagnist best nemendum á þriðja ári.

Þegar spurt var um afstöðu til úrvals bóknámsbrauta í MÍ töldu 45% svarenda sig mjög eða frekar sátta við fjöldann en 18% kváðust frekar eða mjög ósáttir. Um sams konar afstöðu til fjölda verknámsbrauta kváðust 28% frekar eða mjög sátta, 17% frekar eða mjög ósáttir en meirihlutinn eða 55% tók ekki afstöðu um þetta efni. Þessi niðurstaða er líklega vegna þess hvernig nemendahópurinn er samsettur þ.e. að verknámsnemendur eru í miklum minnihluta.

Þegar spurt var um kynningu á þeim möguleika að hægt væri að ljúka stúdentsprófi eftir þriggja ára nám við MÍ töldu einungis 12% þennan möguleika mjög eða frekar vel kynntan en 73% svarenda álitu þetta frekar eða mjög illa kynnt. Þannig að þarna er sýnilega töluvert óunnið verk framundan. Svipuð niðurstaða varð í svari við næstseinustu spurningunni um skilgreiningu á réttindum á hinum ýmsu millistigum náms í MÍ. Einungis 7% taldi þau frekar vel skilgreind en 48% svarenda töldu þau frekar eða mjög illa skilgreind.

Lokaspurningin var um það hvort nemendur teldu að aukið námsval drægi úr brottfalli frá námi í MÍ. 70% svarenda voru því frekar eða mjög sammála en 7% frekar eða mjög ósammála. Þannig að sú afstaða var mjög ótvíræð.

7.4 Um viðhorfskönnun meðal starfsfólks MÍ

Viðhorfskönnunin var send starfsfólki skólans annarra en stjórnenda, 32 að tölu og 75% hópsins svöruðu eða 24. Kynjaskipting svarhópsins var þannig að 42% voru konur en 54% karlar en 8% þátttakenda greindu ekki frá því hvort um karl eða konu var að ræða.

Jákvætt viðhorf til skólans var ríkjandi meðal starfsfólksins en 96% svarenda telja það frekar eða mjög jákvætt. Þegar spurt var um líðan fólks við störf í MÍ svöruðu 67% svarenda að sér liði frekar eða mjög vel en 12% að sér liði frekar eða mjög illa. Þó metur 92% svarenda samskipti sín við samstarfsfólk og nemendur frekar eða mjög góð.

83% svarenda álitur stöðu skólans frekar eða mjög sterka í samfélaginu. En umhugsunarvert er að einungis 17% svarenda telja að þeir fái frekar mikla hvatningu til að auka við þekkingu sína en 38% telja sig fá frekar eða mjög litla hvatningu til þess.

Mikill einhugur var meðal svarenda um að telja að öflugt umsjónarkerfi og námsráðgjöf styrki nemendur við að skipuleggja nám sitt betur en 92% þeirra

voru því frekar eða mjög sammála. Sömuleiðis álitu 83% svarenda að aukið námsval nemenda drægi úr brottfalli þeirra frá námi í MÍ.

Í lokaverkefninu voru þátttakendur beðnir að velja ný námsgreina- eða áfangasvið, sem vænleg væru til að draga úr brottfalli. Nefnd voru 8 svið. Athygli vekur að býsna jöfn dreifing varð á milli allra sviðanna; það svið sem sjaldnast var nefnt fékk 8% tilnefningu en það sem oftast var nefnt hlaut 20% tilnefningu en það var verknámssvið.

7.5 Um viðhorfskönnun meðal forráðamanna nemenda MÍ

Viðhorfskönnunin var einungis send forráðamönnum nemenda, sem voru innan lögræðisaldurs. 51 forráðamaður svaraði voru 57% þeirra forráðamenn nemenda á fyrsta námsári, 29% þeirra forráðamenn nemenda á öðru námsári og 12% þeirra forráðamenn nemenda á þriðja námsári.

83% svarenda töldu að barni sínu liði frekar eða mjög vel í námi í MÍ og 92% sögðu viðhorf sitt frekar eða mjög jákvætt til MÍ. Þá töldu 83% svarenda stöðu skólans sterka í samfélaginu.

Þegar spurt var um hvort öflugt umsjónarkerfi og námsráðgjöf fyrir nemendur við að skipuleggja nám sitt voru 95% svarenda því mjög eða frekar sammála. Einnig kváðust 95% svarenda fylgjast vel með mætingu barns síns. Og loks sögðust 95% svarenda leggja frekar eða mjög mikla áherslu á börn þeirra lykju viðurkenndu prófi frá MÍ.

88% svarenda lýstu sig frekar eða mjög sammála því að aukið námsval drægi úr brottfalli frá námi. Eins og hér kemur fram var býsna afgerandi afstaða verulegt einkenni á mati og svörum forráðamannanna.

Sama lokaverkefni var í viðhorfskönnun forráðamannanna og hjá starfsfólki skólans. Mjög svipuð dreifing reyndist einnig í svörum forráðamannanna eins og hjá starfsfólkinu og það svið, sem hlaut flestar tilnefningar var einnig verknám, sem fékk 26% tilnefningar.

8. Tillögur til úrbóta

- **Skólanámskrá MÍ verði tekin til formlegrar endurskoðunar frá og með næsta hausti þar sem áhersla verður lögð á að virkja allt skóla-samfélagið. Reynt verði að koma til móts við þau ríkjandi sjónarmið, sem fram komu í viðhorfskönnunum hér að framan.**
- **Leitað verði leiða til að efla umsjónarkerfi og námsráðgjöf skólans.**
- **Leitast verði við að auka námsframboð við skólann, kynna betur val-leiðir í áfangakerfinu og möguleika nemenda til að nýta tíma sinn betur og ná fyrir lokamarkmiði sínu við skólann.**
- **Áhersla verði lögð á að skilgreina betur réttindi en nú er á ýmsum millistigum náms við MÍ.**
- **Hugað verði að leiðum til að halda sem lengst traustum kennslu-kröftum við skólann t.d. með því að gera mönnum kleift að auka við menntun sína og hæfni.**

- **Unnið verði áfram að viðhorfskönnunum svipuðum þeim, sem hér voru kynntar til samanburðar og fróðleiks um viðhorfsbreytingar.**
- **Baráttan gegn brottfalli nemenda frá námi, sem verið hefur rauður þráður í þessari sjálfsmatsskýrslu mun halda áfram.**

9. Hvenær koma umbótatillögurnar til framkvæmda?

Segja má að umbótatillögur þær, sem eru meginniðurstöður í sjálfsmati Menntaskólans á Ísafirði 2003-2004 séu í grófum dráttum sex talsins auk þess að halda baráttunni gegn brottfalli nemenda frá námi áfram sem sjöunda meginmarkmiðið.

Fyrsta tillagan er um heildarendurskoðun skólanámskrárinnar. Hún hófst þegar við upphaf skólaársins 2004-2005 með tveggja daga skipulegri vinnu alls starfslíðs skólans.

Önnur tillagan er um eflingu umsjónarkerfis og námsráðgjafar við skólann. Nýr námsráðgjafi réðist að skólanum nú í haust en námsráðgjafinn sem fyrir var er nú í námsleyfi. Ætlunin er að þróa umbætur í þessu efni á næstu misserum.

Þriðja tillagan er um að auka námsframboðið og kynna betur valleiðir í áfangakerfinu við skólann. Þessar umbætur eru þegar komnar til framkvæmda með upptöku hreins áfangakerfis við skólann frá og með vorönninni 2004.

Fjórða tillagan er að skilgreina betur réttindi en nú er á ýmsum millistigum náms við MÍ. Ætlunin er að gera gangskör að þessu verkefni á starfsárinu 2004-2005.

Fimmta tillagan er um endurmenntunarmöguleika starfsmanna MÍ. Á því sviði er ætlunin að taka endurmenntunarstefnu skólans til nánari umræðu og frekari kynningar meðal starfsmanna..

Sjötta tillagan er um framhald á framkvæmd viðhorfskannana svipuðum þeim sem þessi sjálfsmatsskýrsla 2003-2004 hefur að geyma.

Sjöunda tillagan um baráttuna gegn brottfalli nemenda frá námi er áfram sífellt verkefni.

10. Kennslu- og stjórnendakannanir

Kennslukannanir hafa verið framkvæmdar kerfisbundið við MÍ á mörgum undanförunum árum. Þær hafa að jafnaði farið þannig fram að allir nýráðnir kennarar hafa gengist undir slíka könnun meðal nemenda á fyrsta starfsári sínu við skólann.

Jafnframt hefur ákveðinn hluti eldri kennara við skólann gengist undir sams konar könnun samkvæmt fyrir fram ákveðnu úrtaki.

Stjórnendakönnun fór fram við MÍ veturinn 2003-2004.

11. Viðaukar

11.1 Brottfallsnemendur

Skilgreiningin á brottfalli og brottfallsnemendum er tiltölulega einföld. Sá nemandi er talinn brottfallsnemandi, sem ekki lýkur önn í skólanum með því að þreyta próf eða skila öðrum tilskildum verkefnum í annarlok. Sama á við, ef nemandi hættir tímasókn einhvern tíma á önninni og mætir síðan ekki til prófs. Hins vegar er sá nemandi ekki talinn brottfallsnemandi, sem ekki nær tilskilinni einkunn á prófi í annarlok, ef hann þreytir prófið.

Margar eðlilegar ástæður geta legið til þess að nemandi fresti námi um einhvern tíma, flytji á annað skólasvæði eða að nám hans raskist við skólann af einhverjum öðrum ástæðum. Þess vegna m.a. eru nemendur ekki taldir til brottfallsnemenda, sem ekki innritast í skólann á nýja önn, þó að þeir hafi lokið næstu önn á undan en ekki lokið því námi, sem að var stefnt.

Fróðlegt er að reyna að greina nánar hóp brottfallsnemenda og sérstaklega að reyna að átta sig nánar á ástæðunum fyrir því að þannig tókst til hjá þessum einstaklingum. Og þetta er enn fremur nauðsynlegt til þess að leita leiða til að fækka í þessum hópi í framtíðinni og þannig helst að koma í veg fyrir það niðurbrot, sem ætíð fylgir slíku hjá þeim, sem í því lenda.

Þá liggur fyrst fyrir að athuga á hvaða námsári þessir nemendur eru staddir, er þeir féllu brott. Eru þeir á 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. eða 8. önn í námi sínu? Enn fremur þarf að athuga, hvort svona brottfall hafi áður hent viðkomandi einstakling. Þá þarf jafnframt að greina á hvaða námsbraut viðkomandi einstaklingur var, er brottfallið varð.

Þá er að reyna að átta sig á ástæðunum. Eflaust er það í mörgum tilfellum örðugt og stundum jafnvel ógerningur en ómaksins vert engu að síður. Nokkrar þeirra gætu t.d. verið: 1. Brottflutningur. 2. Heilsufarsástæður. 3. Almennir námsörðugleikar. 4. Efnahagsástæður. 5. Áhugaleysi. 6. Rangt námsval. Stundum gætu fleiri en ein ástæða verið raunin.

Loks er að leita leiða til úrbóta. Þar er fyrst til að telja að skólinn þarf að beita virkri og öflugri námsráðgjöf. Sérstaklega þarf námsráðgjafi, umsjónarkennari, kennari eða stjórnandi í skólanum að hafa forystu um það að beina nemandanum inn á rétta braut um leið og brydda tekur á fráviki frá eðlilegri námsástundun. Jafnframt þessu þurfa allir hlutaðeigendur að sýna slíkum nemendum sérstakan sveigjanleika um breytingar í námsvali, ef það mætti verða til þess að ekki kæmi til brottfalls frá námi.

Þessi eða önnur álíka viðbrögð gætu átt við meðan á náminu stendur. En ekki síður þyrfti að beita slíkum viðbrögðum hafi komið til brottfalls og nemandinn hugsanlega sé meira og minna ráðvilltur um framtíð sína.